



GREINING Á GJAFÁ- OG HÚSGAGNAVERSLNUM

Apríl 2021

ÚTDRÁTTUR


Kontakt fyrirtækjaráðgjöf hefur tekið saman skýrslu um rekstur nokkurra af þekktustu verslunum landsins á sviði húsgagna- og gjafavöru. Rekstur slíkra verslana gekk almennt vel áður en samdráttur í ferðapjónustu gerði vart við sig. Verslunarrekstur hefur gengið vel og fasteignamarkaður sterkur á síðustu misserum og í ljósi fylgni milli fasteigna- og húsgagnakaupa verður forvitnilegt að sjá framvinduna á þessum markaði.

Greining á gjafa- og húsgagnaverslunum.

Rekstur margra gjafa- og húsgagnaverslana hefur gengið vel á undanförunum árum. Arðsemi eignfjár þekktra verslana var býsna góð á árunum 2016 til 2018, má nefna 37 prósent að meðaltali á tímabilinu hjá CASA, 33 prósent hjá Líf og list og 26 prósent hjá EPAL. Rekstur fyrirtækjanna líður þó fyrir að launakostnaður hefur farið hækkandi á undanförunum árum. Árið 2019 reyndist mörgum gjafa- og húsgagnaverslunum þungt í skauti sem rekja má til þess að hagkerfið fór kólnandi og kostnaður hækkaði verulega í kjölfar Lífskjarasamninganna.

Að því sögðu má segja að íslensk verslun hafi blómstrað sem aldrei fyrr í COVID-19 heimsfaraldrinum. Hún jókst um ellefu prósent á árinu 2020 en fyrsta tilfellið af smiti hérlendis var greint í lok febrúar á því ári. Ef til vill hafa verslanir fundið leiðir til að auka framleiðni í rekstri á sama tíma til að mæta kostnaðarhækkunum en netverslun jókst til að mynda um 152 prósent á liðnu ári.

Verslanir sem selja innanstokksmuni hafa notið góðs af því hve margir hafa fest kaup á nýju heimili í COVID-19 – en fylgni er á milli kaupa á fasteignum og húsgögnum - og að mikill fjöldi þeirra sem ekki keypti nýtt heimili einhenti sér í að kaupa nýjar mublur. Flestir neytendur hafa meira á milli handanna nú en áður sem rekja má til launhækkana umfram verðbólgu og lægri vaxta. Auk þess hefur sparnaður safnast upp, meðal annars vegna þess að fólk hefur ekki farið í utanlandsferðir, og á því auðveldara með að kaupa húsmuni.




Kontakt fyrirtækjaráðgjöf rýndi í rekstur átta gjafa- og húsgagnaverslana á árunum 2016 til 2019. Ársreikningar fyrir árið 2020 liggja ekki fyrir. Af þeim er ILVA, sem rekur stóra verslun í Korputorgi, sú eina sem gekk illa á tímabilinu. Verslunin tapaði samanlagt 555 milljónum króna á fjórum árum fyrir

skatta. Leiða má líkum að því að húsnæði ILVA, sem er mun stærra en annarra verslana af þessum toga, sé of stórt til að reksturinn geti staðið undir sér, eins og honum er stillt upp.

Góð arðsemi þar til hagkerfið kólnaði

Arðsemi verslana sem selja gjafavöru og húsmuni hefur verið góð á undanförunum árum. Arðsemin hefur þó farið dvínandi frá árinu 2016 sem helgast meðal annars af auknum launakostnaði og öðrum hækkunum þeim tengdum.




Í samanburðinum er horft til hagnaðar fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir borið saman við meðalstöðu eigna í því skyni að horfa fram hjá ólíkrar skuldsetningar fyrirtækjanna. Almennt eru verslanirnar vel fjármagnaðar. ILVA sker sig úr hvað það varðar. Eigið fé félagsins var neikvætt um 1,2 milljarða

við lok febrúar ársins 2020 (lok rekstrarárs). Reksturinn er fjármagnaður með láni frá hluthafa. Í ljósi þess er horft fram hjá neikvæðu eigin fé fyrirtækisins í arðsemisútreikningum og einungis miðað við skuldir.


Epal

Epal er stærsta verslunin mælt í veltu af þeim sem voru til skoðunar. Fyrirtækið velti tæplega 1,5 milljörðum króna árið 2019. Veltan hefur að meðaltali vaxið um 13 prósent á ári tímabilið 2015 til 2019. Auk þess að reka stóra húsgagnaverslun í Skeifunni og minni verslun í Kringlunni hefur Epal staðið að rekstri verslunar á Laugavegi sem höfðar til ferðamanna. Kólnun efnahagslífsins gerði það að verkum að veltan dróst saman um tvö prósent að nafnvirði á árinu 2019.



Rekstur Epal hafði gengið afar vel á fjöggra ára tímabili þar til árið 2019 gekk í garð. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) sem hlutfall af tekjum féll úr níu prósentum árið 2018 í tvö prósent árið 2019. Leiða má líkum að til viðbótar við aukinn kostnað á árinu sem rekja má til kjarasamninga


og öðrum hækkunum þeim tengdum hafi sterkt gengi krónu fælt ferðamenn frá verslunum í miðbænum en fyrirtækið setið áfram með fastann kostnað tengdum sölu til þeirra. Laun sem hlutfall af tekjum hefur farið stigvaxandi á undanfönum fimm árum úr 17 prósent í 22 prósent árið 2019.



Þrátt fyrir að verslunin sé afar vel fjármögnuð, eiginfjárlutfallið var að meðaltali 61 prósent á árunum 2016 til 2018, var arðsemi eiginfjár á bilinu 25 til 27 prósent. Árið 2018 hagnaðist verslunin um 92 milljónir króna en 16 milljónir árið 2019.


CASA, Duka, Ittala

Umfang Flæðis, sem heldur utan um rekstur verslananna CASA, Duka og Ittala, hefur farið hratt vaxandi á undanfönum fimm árum. Tekjur uxu að meðaltali um 25 prósent á tímabilinu og námu 841 milljón á árinu 2019. Tekjurnar drógust saman um fjórar milljónir á milli áranna 2018 og 2019.



Rekstur verslananna var framúrskarandi á árunum 2016 og 2017 þegar arðsemi eigin fjár var 54 prósent og 40 prósent. Á sama tíma var eiginfjárlutfallið 20 og 27 prósent. Árið 2018 var arðsemin 17 prósent en lækkaði í átta prósent ári síðar. Hluthafar geta vel

við unað því arðsemin á árunum 2016 til 2019 var að meðaltali 30 prósent.




Hagnaður á árinu 2018 var 15 milljónir en ári síðar lækkaði hann um helming í 7,7 milljónir króna. Segja má að helstu rekstrarstærðar hafi þróast með svipuðum hætti og hjá Epal. EBITDA-hlutfallið féll úr níu prósent á árinu 2017 í fjögur prósent á árinu 2019. Á sama tíma hefur

launakostnaður farið stigvaxandi. Hlutfallið var 13 prósent árið 2015 en fór í 22 prósent á árinu 2019.

Líf og list


Tekjur Lífs og listar hafa vaxið um fjögur prósent að meðaltali frá á árunum 2015 til 2019. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs með húsnæðinu hækkað um þrjú prósent á ári að jafnaði en án húsnæðis var verðbólga um eitt prósent á ári. Veltan var 774 milljónir króna árið 2019.



Arðsemi Lífs og Listar var býsna góð á tímabilinu og fyrirtækið vel fjármagnað. Arðsemi eiginfjár var að meðaltali 33 prósent á árunum 2015 til 2019 á sama tíma og eignfjárhlutfallið var að meðaltali 49 prósent. Verslunin hagnaðist um 89 milljónir króna árið 2018 og um 68 milljónir króna árið


2019.

EBITDA-hlutfallið féll úr 36 prósentum árið 2015 í 13 prósent á árinu 2019. Á sama hækkaði launahlutfallið úr tólf prósentum í 20 prósent.



ILVA


Rekstur ILVA hefur gengið illa um árabil ólíkt öðrum verslunum sem litið er til í þessari greiningu. Um er að ræða keðju af verslunum sem einnig eru reknar á hinum Norðurlöndunum en rekstrartölur sem hér birtast eiga eingöngu við um íslenska reksturinn.



Umtalsverðar sveiflur hafa verið í sölu hjá ILVU. Á árinu 2017 jukust tekjur um tólf prósent, næstu tvö árin á eftir dróst salan samanlagt um 19 prósent en á reikningsárinu 2020, sem fylgir ekki hefðbundnu almenningsári og lauk við lok febrúar, jókst hún

um 17 prósent og nam 792 milljónum króna. Á milli rekstraráranna 2016 og 2020 jókst salan um sjö prósent.

Rekstur ILVA batnaði umtalsvert á árinu 2020 en hann gekk engu að síður illa. Enda skilaði reksturinn 126 milljón króna tapi á því ári í stað 253 milljón króna tapi árið áður. Fyrirtækið hefur, eins og fyrr segir, tapað 579 milljónum króna á fimm ára



tímabili. Leiða má líkum að því að húsnæðið, sem er mun stærra en annarra verslana af þessum toga, sé of stórt til að reksturinn geti staðið undir sér. Viðskiptavinir eru ekki nógu margir miðað við umfangið.


Launahlutfallið lækkaði frá árinu 2019 úr 31 prósent í 24 prósent ári síðar og EBITDA-hlutfallið fór úr -22 prósentum í -2

prósent. Launahlutfallið var hins vegar 18 prósent á árunum 2016 og 2017.

Fjárhagsstaða ILVA verður æ verri. Eigið fé verslunarinnar var neikvætt um 763 milljónir króna við lok rekstrarársins 2016 en í ljósi viðvarandi taprekstrar var eigið fé orðið neikvætt um 1,2 milljarða króna á rekstrarárinu 2020. Hallareksturinn er fjármagnaður með lánum frá eiganda fyrirtækisins.

Modern


Tekjur Moderns hafa sveiflast nokkuð á undanföllum árum. Þær drógust saman um fimm prósent að nafnvirði á árinu 2016 en á næstu tveimur árum jukust þær um 44 prósent. Samhliða kólnandi hagkerfið drógust tekjurnar saman um átta prósent að nafnvirði á árinu 2019 og námu 270 milljónum króna.



Arðsemi eiginfjár hefur sömuleiðis sveiflast verulega á undanföllum árum. Arðsemin var 41 prósent á árinu 2016 en á sama tíma var eiginfjárlutfallið 31 prósent. Hins vegar skilaði reksturinn tólf milljón króna tapi ári síðar þrátt fyrir að tekjur jukust um 27


prósent á milli ára.

Á árinu 2018 batnaði reksturinn, verslunin hagnaðist um eina milljón króna og arðsemi eiginfjár var eitt prósent. Árið síðvar var arðsemi eignfjár góð eða 29 prósent þegar hagnaðurinn nam 9,1 milljón króna en eiginfjárlutfallið var 30 prósent. EBITDA-hlutfallið lækkaði úr sex prósentum á árinu 2018 í fjögur prósent árið 2019. Á sama tíma hækkaði launahlutfallið úr ellefu prósentum í 16 prósent.




Snúran

Tekjur Snúrunnar, sem stofnuð var árið 2014, uxu hratt á fimm ára tímabili úr 47 milljónum króna árið 2015 í 213 milljónir króna árið 2019. Árið 2016 jukust tekjurnar um 102 prósent og um 77 prósent árið eftir en svo tók að hægja á vextinum. Tekjurnar jukust um 36 prósent á árinu 2018 en þær drógust saman um sex prósent á árinu 2019.



Þrátt fyrir mikinn vöxt var verzlunin rekin með hagnaði öll árin sem eru til skoðunar. Arðsemin á undanförunum árum hefur verið mikil en hafa verður í huga að lítið eigið fé hefur verið bundið í rekstrinum. Á árunum 2015 til 2018 var arðsemin að meðaltali 89 prósent á á sama tíma var eiginfjárlutfallið að


jafnaði 9 prósent. Eigið fé var neikvætt árið 2019 og því er arðsemi eiginfjár ekki reiknuð fyrir það ár.




Hagnaðurinn var 12,2 milljónir árið 2018 og 8,5 milljónir árið 2019. Athygli vekur að launahlutfallið lækkaði um eitt prósentustig frá árinu 2018 til 2019 – þegar laun hækkuð verulega í kjölfar kjarasamninga – og var 24 prósent. Þrátt fyrir það lækkaði EBITDA-hlutfallið úr tíu prósentum árið 2018 í sex prósent árið 2019.

Fakó

Tekjur Fakó uxu að meðaltali um átta prósent á ári á fimm ára tímabili og velti verslunin um 179 milljónum króna árið 2019. Hún var rekin með 5,1 milljón króna tapi fyrir skatta árið 2018, það dró úr tapinu ári síðar þegar það var 1,4 milljónir króna. Árið 2017 var hagnaðurinn tíu milljónir króna og arðsemin eiginfjár 34 prósent en þá var eiginfjárhlutfallið 72 prósent.




Launahlutfallið hækkaði úr tíu prósentum í 25 prósent frá árinu 2015 til 2019. EBITDA-hlutfallið lækkaði á tímabilinu úr 17 prósentum í þrjú prósent.




Gegnum glerið

Tekjur Gegnum glerið jukust um 18 prósent á ári að meðaltali frá árinu 2015 til 2019. Veltan var 151 milljón króna árið 2019. Á árunum 2018 og 2019 var arðsemi eiginfjár 14 og tólf prósent en á sama tíma var eiginfjárlutfallið 36 og 39 prósent.



Mikla arðsemi á árinu 2017 má rekja til þess að eigið fé fyrirtækisins var neikvætt um 52 milljónir árið áður en arðsemisútreikningar byggja á meðaltali eiginfjár umrædds árs og ársins á undan. Gegnum glerið hagnaðist um 10,5 milljónir árið 2018 og tíu milljónir árið 2019.



EBITDA-hlutfallið lækkaði úr 21 prósentu árið 2018 í 17 prósent árið 2019. Launahlutfallið jókst úr 13 prósentum í 16 prósent á sama tíma.